



## Sounds from the Heart

### 1<sup>st</sup> Lions World Song Festival for the Blind



Slowacki Theatre, þar sem aðalkeppnin fór fram



#### Haraldur Gunnar efstur á blaði

Fyrsta alþjóðlega söngvakeppni Lions fyrir blinda „Hljómar frá hjartanu“ var haldin í Kraká í Pólland 18.-20. nóvember 2013. Markmið með keppninni er að auka skilning á vanda blindra og sjónskertra, í samræmi við markmið Lions. Keppnin er ætluð

blindu eða sjónskeru tónlistarfólki. Tilgangurinn er að gefa þessu tónlistarfólki nýjan vettvang til að koma list sinni á framfæri og skapa þeim ný tækifæri.

**Lionsklúbburinn Perlan í Reykjavík** er skipuð blindum og sjónskertum félögum og höfðu þau mikinn áhuga á þessu metnaðarfulla verkefni. Þau ákváðu að taka þátt og sendu lag á DVD disk, með lagi og ljóði eftir Harald Gunnar Hjálmarsson, en hann söng og lék á flest hljóðfærin sjálfur. Lag Haraldar „**Story from a Park**“ var samþykkt í keppnina, hann er því einn af 27 keppendum frá 10 löndum.



Haraldur Gunnar í Kraká og stuðningsliðið, frá hægri: Guðrún Björt (Lions), Halla (mamma), Haraldur Gunnar, Þórarinn (bróðir) og Bára (mágkona)

Jacek Legendziewicz aðalstjórnandi keppinnar tók á móti okkur á flugvöllinum og sýndi okkur einstaka gestrisni og velvild allan tímann.



Haraldur Gunnar og hljómsveitin

Hljómsveitin var skipuð 15 manna strengjasveit frá Sinfioiettu Kraká, ásamt þremur poppurum, sem léku á hljómborð, gítar og trommur. Tónlistarflutningur var mjög vandaður og fagmannlega staðið að öllu. Undankeppnin fór fram í Útvarpshúsi Kraká, en allt var kvikmyndað og verður keppnin fáanleg á DVD.



Haraldur Gunnar og Guðrún Björt á leið í keppnina

Undankeppni var haldin 18. og 19. nóv. Mikil fjölbreytni var í tónlistarstíl og stefnum. Keppendur voru litríkir, á öllum aldri, söngstílum, sviðsframkomu og klæðnaði. Fyrri daginn voru 13 keppendur og voru lögin í klassískari kantinum, vandaður flutningur og flottir söngvarar, allt frá létt klassík upp í óperuáriur. Seinna kvöldið sungu 14 söngvarar, en þá var léttari tónlist, fallegar melódíur, popp og rokk, einnig smá „kántrí“ og í þjóðlaga stíl.



Haraldur Gunnar söng sína fallegu melódíu „**Story from a Park**“ seinna kvöldið. Haraldur Gunnar söng sig inn í hug og hjörtu áheyranda, sem klöppuðu undir og fögnuðu ákaft í lokin. Hans flutningur var kraftmikill og fágaður, hljómsveitin útsetti og flutti lagið hans af mikilli snilld. Við Íslendingarnir vorum að rifna af stolti, því lík fagnaðarlæti, hann fékk klárlega fullt hús stiga frá áheyrendum.

**Bórarinn bróðir Haraldur Gunnars** myndaði allt, er hér á svölum í **Slowacki Theatre** – glæsihöll !



**Haraldur Gunnar – okkar maður í 10 manna úrslit.**

Dómnefndinni var mikill vandi á höndum, því hér voru á ferðinni hæfileikaríkt tónlistarfólk, með falleg lög. Við biðum spennnt eftir úrslitunum í Slowacki Theater.

Dómnefndin var fjölþjóðleg:

- Jens Troester, Þýskalandi – formaður →
- Marco D'Ippoliti Simeoni, Ítalíu
- Jan Zakrzewski, Póllandi



**Haraldur Gunnar ásamt pólskum blómarósum**



Haraldi Gunnari gekk mjög vel í þessu stóra flotta húsi. Hann fyllti húsið af söng og heillaði alla, eins og fyrri daginn. Honum var líka vel fagnað af gestum, sem nú voru fleiri en áður. Lionsfélagar í Póllandi fjölmenntu svo og gestir frá nágrannalöndunum. Einnig voru fulltrúar borgarinnar, frá fjölmiðlum, ferðamálaráði o.fl.



**Haraldur Gunnar fékk sérstök heiðursverðlaun frá borgarstjóra Kraká,** fyrir frábæra frammistöðu og var hvattur til dáða á tónlistarbrautinni í framtíðinni. Hann fékk fallega postulínsstyttnu og verðlaunaskjöld.

Haraldur Gunnar lenti ekki í 1.-3. sæti, en það voru:

1. verðlaun: Gražvydas Sidiniaskas, Litháen
2. verðlaun: Anna Rossa, Póllandi
3. verðlaun: Silvia Mattia, Ítalíu

Gražvydas Sidiniaskas er fjölbæfur, samdi sitt lag og ljóð sjálfur og leikur á saxafón, óbó, píanó og gítar. Hann er poppari og hefur tekið þátt í Evróvision.

**Sinfiotta Cracovia** lék í upphaf og í lok keppinnar þetta kvöld, heillandi tónverk. Það var mögnuð upplifun, en þessi hljómsveit hefur fengið fjölda viðurkenninga og hefur leikið í helstu tónleikahúsum heims, allt frá New York til Japans, frá St. Petersburg til Ístanbúl og Sameinuðu arabísku furstadæminu.



**Allri keppendurnir þrjú þátttakendur í lokaatriði kvöldsins.** Eitt af skemmtilegum atriðum kvöldsins var samsöngur allra þátttakenda „**We are the winners**“



Í lokinni var svo flott lokaveisla á Galaxy hótlinu. Þar var glæsilegur 4-rétta kvöldverður með borðvínnum. Þar voru flutt nokkur ávörp, þar sem Lions-klúbbunum í Kraká var þakkað fyrir frábært framtak.

**Guðrún Björt veitti Jacek Legendziewicz viðurkenningarskjal Barry Palmer alþjóðaforseta,** en Jacek var hugmyndasmiðurinn og allt í öllu í skipulaginu og framkvæmd keppinnar. Kraká-klúbbarnir fjórir fengu líka viðurkenningarskjöl.



**Guðrún Björt og Jacek Legendziewicz,** en hann kom til Ísland og hitti okkar forystu í ágúst 2012.

**Keppnin verður á tveggja ára fresti - næst í nóv. 2015.**

*Guðrún Björt Yngvadóttir*